



Leit í CINAHL frá EBSCO Host

Leiðbeiningar eftir Janna C. Lawrence, bókasafnsfræðing¹⁾
Þýddar og staðfærðar af Margréti Gunnarsdóttur, bókasafni LSH.
Aðlagð fyrir Bókasafn Háskólans á Akureyri (BSHA) af Astrid Margréti Magnúsdóttur.

Við lifum á mikilli upplýsingaöld þar sem mörg frábær rannsóknartól eru til staðar fyrir hjúkrunarfræðinga. Hvort sem hjúkrunarfræðingurinn er að vinna að rannsókn í tengslum við nám eða skrif á tímaritsgrein eða að leita upplýsinga til að nota beint í starfi sínu, er grundvallarskilyrði að búa yfir góðri færni í upplýsingaleit.

Gagnasafnið CINAHL (The Cumulative Index to Nursing and Allied Health Literature), frá EBSCO Publishing er mjög öflugt og notadrjúgt tól sem hjúkrunarfræðingar geta notað við upplýsingaleit.

Þessi grein er hugsuð sem nákvæmar leiðbeiningar (skref fyrir skref) fyrir einfalda leit í CINAHL. Hún á ekki að ná yfir alla leitarmöguleika en miklu frekar að koma lesendum á sporið við að leita rétt í CINAHL.

Leiðbeiningarnar koma að mestu gagni ef þú getur lesið þær með tölvu við höndina, þannig að þú getir framkvæmt leitina skref fyrir skref. Ef þig vantar svör við nánari spurningum, ættirðu að leita til bókasafnsfræðinga á bókasafninu þínu.

- CINAHL er rafrænt gagnasafn sem geymir tilvísanir í tímaritsgreinar úr rúmlega 2800 tímaritum. CINAHL er ekki það sama og MEDLINE sem er gefið út af National Library of Medicine, USA og aðgengilegt t.d. í gegnum PubMed eða OVID; CINAHL er í eigu útgefandans EBSCO Publishing.
- Gagnasafnið inniheldur yfir 1 milljón tilvísana aftur til ársins 1982 úr hjúkrunarfræðitímaritum en einnig tilvísanir úr 17 öðrum skyldum fræðasviðum innan heilbrigðisvísindanna auk tilvísana í tímarit um lýðheilsu, óhefðbundnar lækningar, bókasafnsfræði á heilbrigðissviði og lífvísindi almennt.
- Þú kemst í CINAHL af vef BSHA (www.unak.is/bokasafn), með því að fara inn á *Rafræn gögn* og velja CINAHL (EBSCO Host) annaðhvort í stafrófsraðaða listanum eða með því að velja CINHALL (EBSCO Host) í felliglugganum á miðri síðunni þar sem er vísað í beinan aðgang inn á leitarsíður gagna- og tímaritasafna í áskrift bókasafnsins.
- Þar sem CINAHL er einungis aðgengilegt frá staðarneti háskólans þurfa fjarnemar eða þeir sem vilja leita í gagnasafninu utan í frá, að tengja sig inn á svokallaðan VPN (Virtual Private Network) aðgang. Starfsmenn og nemendur HA geta sótt um aðgang að VPN á sérstöku rafrænu eyðublaði í Vef-Stefaníu. Leiðbeiningar um uppsetningu á VPN er að finna undir tenglinum Tölvumál á Vef-Stefaníu.

Efnisorð (Subject Headings)

Hver einasta grein sem skráð er inn í CINAHL er lesin af sérfræðingi og flokkuð eftir efni, þ.e. hún er merkt með svokölluðum efnisorðum (*subject headings*) sem endurspeglar innihald greinarinnar. Sérfræðingurinn velur hugtök úr sérstökum orðalista sem er uppfærður og endurskoðaður árlega. Þessi orðalisti er mjög þýðingarmikill hluti af gagnasafninu CINAHL. Segja má að í flestum tilvikum sé best að nota efnisorð til að leita í gagnasafninu.

Það er mikilvægt að vita að EKKI er hægt að leita í texta greinanna í heild sinni í CINAHL, heldur eru efnisorðin sem greinarnar fá í raun og veru “staðgenglar” textans.

Sérfræðingurinn sem fer yfir hverja grein, velur nákvæmstu efnisorðin sem passa við efni greinarinnar hverju sinni. Sem dæmi má nefna að grein um lungnabólgu (*pneumonia*) myndi fá efnisorðið *Pneumonia* frekar en víðara efnisorðið lungnasjúkdómar (*Lung Diseases*). Grein um svelgjulungnabólgu (*aspiration pneumonia*) myndi fá efnisorðið *Pneumonia, Aspiration* en ekki *Pneumonia*. Ef þú vilt finna allar greinar sem tengjast efnisorðinu lungnabólgu (*pneumonia*) velurðu möguleikann að “explodera” efnisorðið *Pneumonia* með skipuninni “explode”. Þessa víðtæku leit er auðvelt að velja þegar leitað er í CINAHL.

Þegar um flóknari leitir er að ræða er best að finna og leita að **einu efnisorði (hugtaki) í einu**. Eftir nokkrar slíkar leitir er hægt að sameina leitirnar/efnisorðin. En með því að velja bara eitt leitarorð í einu er hægt að sameina leitir á mismunandi vegu síðar ef þörf krefur.

Dæmi um leit

Til að sýna suma af leitarmöguleikunum í CINAHL er tekið dæmi um leit að óhefðbundnum (*alternative*) lyfjum eða jurtalyfjum (*herbal medicine*) við mikilli ógleði (*severe nausea*) og uppköstum (*vomiting*).

Þegar þú hefur opnað gagnasafnið CINAHL af vefsíðu BSHA, gættu þess þá að vera inni í *Advanced Search* (sjá tengil) og smelltu síðan á *CINAHL Headings* (mynd 1).

Mynd 1. Aðalvalmynd í CINAHL undir *Advanced Search* flípanum.

Smelltu á “CINAHL Headings”

The screenshot shows the EBSCOhost search interface. At the top, there is a navigation bar with links for 'Keyword', 'Publications', 'CINAHL Headings', 'Cited References', and 'More'. The 'CINAHL Headings' link is highlighted with a blue bar. Below the navigation bar, the search area is titled 'Searching: CINAHL' with a 'Choose Databases' link. There are three search input fields, each with a dropdown menu for 'Select a Field (optional)'. The first field contains the text 'and'. To the right of the search fields are 'Search' and 'Clear' buttons. Below the search fields, there is a navigation bar with links for 'Advanced Search', 'Visual Search', 'Search History/Alerts', and 'Preferences'. The 'Advanced Search' link is circled in red. A callout box with an arrow points to the 'CINAHL Headings' link in the navigation bar, containing the text 'Smelltu á “CINAHL Headings”'.

Undir *CINAHL Headings* geturðu framkvæmt leit sem byggir á CINAHL efnisorðunum (*subject headings*) sem sérfræðingar hafa gefið greinunum. Nú skaltu setja fyrsta leitarorðið t.d. *nausea* í “Browse for” leitargluggann og smella síðan á **Browse hnappinn** (mynd 2).

Mynd 2. Leit undir CINAHL Headings.



Keyword | Publications | **CINAHL Headings** | Cited References | More ▾

Indexes

EBSCO HOST


CINAHL Headings

nausea **Browse**

Term Begins With Term Contains Relevancy Ranked

Næsta skjámynd sýnir þér lista af mögulegum efnisorðum (*Subject Headings*) sem tengjast *nausea* (mynd 3). Núna þarftu að velja það efnisorð sem hentar best og í þessu tilviki er það efnisorðið *Nausea and Vomiting*. Smelltu á sjálft efnisorðið.

Mynd 3. Niðurstöður í CINAHL Headings eftir leit að *nausea*.



Database: CINAHL ?

Combine selections with: of Search Database

UNIV

CINAHL Headings

Browse

Term Begins With Term Contains Relevancy Ranked

Page: Previous | Next

Browsed for: nausea Explode ? Major Concept ?

(Click term to view tree and subheading details.)

<input type="checkbox"/> Nausea [Scope]		<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> Anticipatory Nausea and Vomiting		<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> Nausea (Saba CCC) [Scope]		<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> Nausea and Vomiting	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> Nausea Care (Saba CCC) [Scope]		<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> Couvade [Scope]		<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> Digestion-Hydration (Omaha) [Scope]		<input type="checkbox"/>

Smelltu á það efnisorð sem passar best

Efnisorðatré (Tree View)

Með því að smella á efnisorð fæst svokallað “Tree View” þar sem hægt er að fá meiri upplýsingar um hvert efnisorð (mynd 4). Til dæmis sést að undir efnisorðinu *Nausea and Vomiting* standa tvö þrengri efnisorð sem eru *Anticipatory Nausea and Vomiting*. Yfirleitt borgar sig að taka þrengri efnisorðin með í leitina, því að sá sérfræðingur sem flokkar greinina notar alltaf nákvæmstu efnisorðin sem völ er á.

Mynd nr. 4

CINAHL Headings

◀ Previous Term Next Term ▶
◀ Back to List

Term Begins With Term Contains Relevancy Ranked

Nausea and Vomiting

Tree Views

- Symptoms and General Pathology
- Signs and Symptoms (Non-Clinical)
- Signs and Symptoms, Digestive
- Aerophagy
- Constipation
- Diarrhea
- Dyspepsia
- Flatulence
- Gagging
- Halitosis
- Heartburn
- Hiccup
- Hyperphagia
- Nausea and Vomiting +**
- Anticipatory Nausea and Vomiting
- Nausea
- Vomiting +
- Peri-Operative Nausea and Vomiting

Undirefnisorð eru nákvæmari en útiloka sumar niðurstöður

Þrengri og nákvæmari leitarhugtök

On Search:

- Explode ?
- Major Concept ?

Qualify Subheadings:

- Blood [scope]
- Cerebrospinal Fluid [scope]
- Chemically Induced [scope]
- Classification [scope]
- Complications [scope]
- Diet Therapy [scope]
- Diagnosis [scope]
- Drug Therapy [scope]
- Economics [scope]
- Education [scope]
- Ethnology [scope]
- Ethical Issues [scope]
- Embryology [scope]
- Epidemiology [scope]
- Etiology [scope]
- Familial And Genetic [scope]
- History [scope]
- Immunology [scope]
- Legislation And Jurisprudence [scope]
- Metabolism [scope]
- Microbiology [scope]
- Mortality [scope]
- Nursing [scope]
- Organizations [scope]
- Pathology [scope]
- Prevention And Control [scope]
- Psychosocial Factors [scope]
- Physiopathology [scope]
- Prognosis [scope]
- Radiography [scope]
- Risk Factors [scope]
- Rehabilitation [scope]
- Radiotherapy [scope]
- Symptoms [scope]
- Surgery [scope]
- Trends [scope]
- Therapy [scope]
- Transmission [scope]
- Urine [scope]
- Ultrasonography [scope]

Explode

Með því að haka við *Explode* undir *On Search* (sjá mynd 5), hægra megin ofarlega á skjánum, þá tryggirðu að leitin þín innihaldi öll þrengri efnisorð undir *Nausea and Vomiting*. Þannig leit gefur þér greinar um alls kyns tilfalli varðandi ógleði og uppköst (*Nausea and Vomiting*).

Subheadings (undirefnisorð)

Hægra megin á skjánum má líka sjá valin undirefnisorð – *Subheadings* fyrir aðalefnisorðið þitt. Grein sem flokkuð er undir tilteknu aðalefnisorði getur líka verið flokkuð undir eitt eða fleiri undirefnisorð af sérfræðingnum.

Undirefnisorðin (*subheadings*) veita ákveðna sýn eða sjónarhorn á viðfangsefnið. Þú getur hakað við eitt eða fleiri undirefnisorð til að þrengja niðurstöðurnar þínar enn frekar en þú getur líka valið að haka ekki við neitt þeirra. Ef þú hakar EKKI við nein undirefnisorð, þá innihalda niðurstöður leitarinnar allar greinar sem flokkaðar hafa verið undir aðalefnisorðinu þínu.

Það er líka til í dæminu að sérfræðingurinn sem las greinina hafi ekki flokkað hana nánar undir neitt undirefnisorð. Ef þú ert í vafa um hvort þú eigir að haka við slík orð eða ekki, er ráðlegt að sleppa því alveg.

Mynd nr. 5. Haka við Explode

Keyword | Publications | CINAHL Headings | Cited References | More | Sign In to My EBSCOhost | Folder | New Features! | UNIV

Database: CINAHL
Combine selections with: Search Database

CINAHL Headings

◀ Previous Term Next Term ▶
◀ Back to List

Term Begins With Term Contains Relevancy Ranked

Nausea and Vomiting

Tree Views

- [Symptoms and General Pathology \(Non-Cinahl\) +](#)
- [Signs and Symptoms \(Non-Cinahl\) +](#)
- [Signs and Symptoms, Digestive \(Non-Cinahl\) +](#)
- [Aerophagy](#)
- [Constipation](#)
- [Diarrhea](#)
- [Dyspepsia](#)
- [Flatulence](#)
- [Gagging](#)
- [Haltosis](#)
- [Heartburn](#)
- [Hiccup](#)
- [Hyperphagia](#)
- Nausea and Vomiting +**
 - [Anticipatory Nausea and Vomiting](#)
 - [Nausea](#)
 - [Vomiting +](#)
 - [Persian Gulf Syndrome](#)

On Search:

- Explode
- Major Concept

Qualify Subheadings: Clear Selections

<input type="checkbox"/> Blood [scope]	<input type="checkbox"/> Microbiology [scope]
<input type="checkbox"/> Cerebrospinal Fluid [scope]	<input type="checkbox"/> Mortality [scope]
<input type="checkbox"/> Chemically Induced [scope]	<input type="checkbox"/> Nursing [scope]
<input type="checkbox"/> Classification [scope]	<input type="checkbox"/> Organizations [scope]
<input type="checkbox"/> Complications [scope]	<input type="checkbox"/> Pathology [scope]
<input type="checkbox"/> Diet Therapy [scope]	<input type="checkbox"/> Prevention And Control [scope]
<input type="checkbox"/> Diagnosis [scope]	<input type="checkbox"/> Psychosocial Factors [scope]
<input type="checkbox"/> Drug Therapy [scope]	<input type="checkbox"/> Physiopathology [scope]
<input type="checkbox"/> Economics [scope]	<input type="checkbox"/> Prognosis [scope]
<input type="checkbox"/> Education [scope]	<input type="checkbox"/> Radiography [scope]
<input type="checkbox"/> Ethnology [scope]	<input type="checkbox"/> Risk Factors [scope]
<input type="checkbox"/> Ethical Issues [scope]	<input type="checkbox"/> Rehabilitation [scope]
<input type="checkbox"/> Embryology [scope]	<input type="checkbox"/> Radiotherapy [scope]

Major Concept (Aðal hugtak)

Fyrir neðan *Explode* valmöguleikann er annar möguleiki, *Major Concept* (sjá mynd 6). Þegar sérfræðingur flokkar greinina undir efnisorð þá eru ávallt einhver efnisorðanna merkt sem höfuð áhersluatriði greinarinnar. Ef þú hakar í *Major Concept* boxið, þá þrengist leitinn þín við greinar þar sem þetta tiltekna efnisorð er eitt af megin efnum greinarinnar. Þessi valkostur getur komið sér vel þegar verið er að leita að efni sem er afar vítt/víðfemt en mundu þó að um leið og þú velur *Major Concept*, þá útilokarðu sumar greinar sem fengu þetta tiltekna efnisorð án þess þó að vera merktar sem *Major Concept*.

Þegar þú hefur ákveðið hvort þú hakar við *Explode*, *Major Concept* eða einhver undirefnisorð, skaltu smella á **Search Database** hnappinn til að hefja leitina.

Search Database

Mynd nr. 6. Major Concept check box

Keyword | Publications | CINAHL Headings | Cited References | More | Sign In to My EBSCOhost | Folder | New Features! | Help | Exit

Database: CINAHL
Combine selections with: Search Database

CINAHL Headings

◀ Previous Term Next Term ▶
◀ Back to List

Term Begins With Term Contains Relevancy Ranked

Nausea and Vomiting

Tree Views

- [Symptoms and General Pathology \(Non-Cinahl\) +](#)
- [Signs and Symptoms \(Non-Cinahl\) +](#)
- [Signs and Symptoms, Digestive \(Non-Cinahl\) +](#)

On Search:

- Explode
- Major Concept

Þegar CINAHL hefur lokið leitinni, sérðu aðalvalmynd CINAHL aftur (*main search screen*). Þar birtast þér leitarniðurstöðurnar (sjá mynd 7). Þú getur líka sett inn ný leitarorð þar til að tengja svo við þessar niðurstöður síðar.

Mynd nr. 7. Dæmi um niðurstöður fyrir nausea and vomiting

The screenshot shows the EBSCO CINAHL search interface. At the top, there are navigation tabs: Keyword, Publications, CINAHL Headings, Cited References, and More. The search bar contains the query "(MM 'Nausea and Vomiting+')". Below the search bar, there are options to narrow results by source types and subject headings. The main results area displays two search results, each with a title, author information, journal details, and options to view full text or save the search. On the right side, there are options to limit results and update them.

Þegar þú smellir á **Search History/Alerts** hnappinn, sérðu að leitir þín hefur verið vistuð og birtist þarna (sjá mynd 8). Í þessu tilviki erum við að leita að óhefðbundnum (*alternative*) lyfjum eða jurtalyfjum (*herbal medicine*) við mikilli ógleði (*severe nausea*) og uppköstum (*vomiting*) og þurfum því að framkvæma fleiri leitir. Við getum geymt þessa leit þarna í bili.

Mynd nr. 8. Staðsetning Search History/Alert flipans

The screenshot shows the EBSCO CINAHL Search History/Alerts page. The top navigation bar includes tabs for Keyword, Publications, CINAHL Headings, Cited References, and More. The 'Search History/Alerts' link is circled in red. Below the navigation bar, there are options to print search history, retrieve searches, retrieve alerts, save searches/alerts, and clear search history. A table displays the search history with the following columns: Add to Search, Search ID#, Search Terms, Search Options, Actions, and Delete. The table contains one search entry with ID S1 and search terms "(MM 'Nausea and Vomiting+')".

Add to Search	Search ID#	Search Terms	Search Options	Actions	Delete
<input type="checkbox"/>	S1	(MM "Nausea and Vomiting+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (1646) Revise Search View Details	X

Til þess að leita nú áfram að öðru efnisorði skaltu smella aftur á *CINAHL Headings* flipann til að setja inn nýtt leitarorð. Í þessu dæmi skulum við næst taka *herbal medicine* og smella á **Browse** hnappinn. – *Herbal medicine* er hins vegar ekki eitt af efnisorðum í CINAHL, svo við fáum ekki upp efnisorðatréð heldur lista af efnisorðum sem kerfið býður okkur að velja úr. Þar hljómar vel hugtakið *Medicine, Herbal*. Smelltu á það og þá birtist efnisorðatréð (sjá mynd 9).

Mynd nr. 9. Efnisorðatré (Tree view) fyrir *Medicine, Herbal*

The screenshot shows the CINAHL database interface. At the top, it says 'Database: CINAHL' and 'UNIV OF AKUREYRI'. There is a search bar with 'Combine selections with: or' and a 'Search Database' button. Below that, the 'CINAHL Headings' section is visible, with a 'Browse' button. The 'Medicine, Herbal' category is selected, and a tree view is shown. The 'Alternative Therapies +' category is circled in red. To the right, there are options for 'On Search:' (Explode, Major Concept) and 'Qualify Subheadings:' (a list of subheadings with checkboxes).

Það er hugsanlegt að efnisorðatréð geti komið að góðu gagni hér. Taktu eftir að hugtakið *Alternative Therapies* er víðara efnisorð en *Medicine, Herbal*. Með því að velja það færðu trúlega fleiri áhugaverðari greinar en ella. Smelltu á *Alternative Therapies* og þá færðu að sjá öll undirefnisorð (*subheadings*) sem völ er á með því hugtaki. Mundu að haka við *Explode* ef þú vilt láta öll þengri efnisorð undir *Alternative Therapies* fylgja (s.s. *Aromatherapy* o.fl.). Smellu svo á **Search Database** hnappinn eins og áður (sjá mynd 10).

Mynd nr. 10. Efnisorðatré (Tree view) fyrir Medicine, Herbal

The screenshot shows the CINAHL database interface. At the top left is the EBSCO logo. The database name 'CINAHL' is displayed. Below it, there is a search bar with a dropdown menu set to 'or' and a 'Search Database' button circled in red. The 'UNIV OF AKUREYRI' logo is in the top right corner. The main content area is titled 'CINAHL Headings'. It includes a navigation bar with 'Previous Term', 'Next Term', and 'Back to List' links. Below this is a search filter section with radio buttons for 'Term Begins With', 'Term Contains', and 'Relevancy Ranked'. A checkbox for 'Alternative Therapies' is checked. The 'Tree Views' section on the left lists various categories, with 'Alternative Therapies +' circled in red. The 'On Search:' section has checkboxes for 'Explode' (checked) and 'Major Concept'. The 'Qualify Subheadings:' section has a 'Clear Selections' button and a list of subheadings with checkboxes, including 'Adverse Effects', 'Classification', 'Contraindications', 'Economics', 'Education', 'Ethical Issues', 'Equipment And Supplies', 'Mortality', 'Methods', 'Nursing', 'Organizations', 'Psychosocial Factors', and 'Statistics And Numerical Data'.

Þú getur bætt við leitina eins og þér hentar með því að fylgja þessum skrefum sem hér var lýst með mismunandi orðum. Þegar þú hefur framkvæmt þær er nauðsynlegt að kunna að sameina leitirnar í eina heildarleit.

Combining Searches (að sameina leitir)

Til að sameina leitir skaltu smella á *Search History/Alerts* flipann á aðalleitarskjánum. Hér er **mjög mikilvægt** að byrja á því að hreinsa út leitarorð sem kann að standa í *Find glugganum* (sjá mynd 11). Það er einfalt að gera með því að smella á **Clear** hnappinn til hægri við *Find gluggann*. Ef það gleymist, fer leitin í rugl.

Taktu eftir því að allar leitirnar sem þú hefur verið að framkvæma standa í töflunni neðarlega á skjánum. Veldu leitirnar sem þú ætlar að sameina með því að haka í boxin lengst til vinstri undir *Add to Search*. Þegar þú sameinar leitirnar, þarftu að velja ýmist *and*, *or* eða *not*, úr felliglugga við hlið **Add** hnappsins, eftir því hvernig þú ætlar að tengja leitirnar saman (svo kölluð *Boolean leit*).

Smelltu svo á **Add** hnappinn þegar þú hefur valið og þvínæst á **Search Database** hnappinn.

Mynd nr. 11. Að sameina leitir (combine searches) í Search History/Alerts

The screenshot shows the EBSCOhost search interface. At the top, there are navigation tabs: Keyword, Publications, CINAHL Headings, Cited References, and More. A search bar contains the text "(MM "Alternative Therapies+")" and a "Clear" button is circled in red. Below the search bar, there are dropdown menus for "Select a Field (optional)" and an "Add Row" button. A callout box points to the "Clear" button with the text: "Byrjaðu á að smella á **Clear** til að hreinsa út úr Find glugganum".

Below the search bar is the "Search History/Alerts" section. It has a green header with links: Print Search History, Retrieve Searches, Retrieve Alerts, Save Searches / Alerts, and Clear Search History. Underneath, there is a "Combine searches with:" section with a dropdown menu set to "and" and an "Add" button. Below this is a table with search results:

Add to Search	Search ID#	Search Terms	Search Options	Actions	Delete
<input type="checkbox"/>	S2	(MM "Alternative Therapies+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (41217) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S1	(MM "Nausea and Vomiting+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (1646) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>

Two callout boxes point to the checkboxes in the table. The first box says: "Veldu **and**, or eða **not** og hakaðu við leitirnar sem á að sameina". The second box is empty.

Stundum ertu e.t.v. með leitir þar sem þú vilt sameina tvö eða fleiri leitarorð við annað. Dæmi: Þú vilt finna greinar um annaðhvort *Life Style Changes* eða *Aromatherapy* sem meðferð við *Nausea and Vomiting*. Í þessu tilviki byrjarðu á að leita að hverju hugtaki fyrir sig eins og sýnt hefur verið hér á undan (*Nausea and Vomiting*, *Aromatherapy*, *Life Style Changes*). Þegar því er lokið, ferðu aftur á aðalskjáinn (undir *Advanced Search*) og velur *Search History/Alerts* flipann. Mundu að smella á **Clear** hnappinn til að hreinsa út texta í *Find glugganum* ÁÐUR en þú sameinar leitir.

Smelltu á litlu boxin fyrir framan leitirnar að *Aromatherapy* og *Life Style Changes* og veldu "**or**" í *Combine Searches with* felliglugganum, því þú vilt fá greinar sem fjalla annaðhvort um *Aromatherapy* eða *Life Style Changes*. Þegar þetta hefur verið valið geturðu smellt á **Add** hnappinn til að gera þessar leitir virkar í *Find glugganum*.

Næst smellirðu á boxið fyrir framan *Nausea and Vomiting* leitina og velur "**and**" í *Combine Searches with* felliglugganum. Smelltu aftur á **Add** hnappinn. Nú ætti að standa (S3 or S2) and (S1) í *Find glugganum* (sjá mynd 12). Taktu eftir að leitarnúmerin 3 og 2 (S3 or S2) fyrir *Life Style Changes* og *Aromatherapy* standa saman innan sviga með "**or**" á milli. Þetta gefur CINAHL til kynna að fyrst eigi að sameina þessi tvö hugtök með "**or**" og svo eigi að sameina það við *Nausea and Vomiting* með "**and**". Þegar þú ert viss um að *Find glugginn* sýni örugglega það sem þú vilt, skaltu ræsa leitina með því að smella á **Search** hnappinn.

Search

Mynd nr. 12. Sameinaðar og “nested” leitir

Searching: **CINAHL** | Choose Databases »

(S3 or S2) and (S1) in Select a Field (optional) Search Clear

and in Select a Field (optional)

and in Select a Field (optional) Add Row

Advanced Search | Visual Search | Search History/Alerts | Preferences »

Search History/Alerts

Print Search History | Retrieve Searches | Retrieve Alerts | Save Searches / Alerts | Clear Search History

Combine searches with: and Add

Add to Search	Search ID#	Search Terms	Search Options	Actions	Delete
<input type="checkbox"/>	S3	(MH "Life Style Changes")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (2183) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S2	(MM "Alternative Therapies+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (41331) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S1	(MM "Nausea and Vomiting+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (1650) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>

Leitarniðurstöður (Search Results)

Leitarniðurstöðurnar úr CINAHL eiga að endurspegla leitarorðin þín. En áður en þú lítur á niðurstöðurnar, ættirðu að takmarka leitina þín enn frekar ef hægt er.

Það eru til nokkrar leiðir til þess að takmarka leitina. T.d með því að smella á tengilinn *Revise Search*, smella á tengilinn *Search Options* hægra megin við leitarniðurstöðurnar (sjá mynd 13), eða smella á tengilinn *Refine Search* (í fullri færslu). Þar er að finna ótal valkosti sem hjálpa þér að takmarka leitina þín enn frekar (sjá mynd 14), t.d. útgáfuár (tímabil), tungumál og aldur (t.d. ef þú vilt takmarka leitina þína við börn eða aldraða).

Mynd nr. 13. Að breyta eða takmarka leitir enn frekar Revise Search / Search Options

Search History/Alerts

Print Search History | Retrieve Searches | Retrieve Alerts | Save Searches / Alerts | Clear Search History

Combine searches with: and Add

Add to Search	Search ID#	Search Terms	Search Options	Actions	Delete
<input type="checkbox"/>	S4	(S3 or S2) and (S1)	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (224) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S3	(MH "Life Style Changes")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (2183) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S2	(MM "Alternative Therapies+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (41331) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>
<input type="checkbox"/>	S1	(MM "Nausea and Vomiting+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (1650) Revise Search View Details	<input type="button" value="X"/>

Narrow Results by

- Source Types
 - All Results
 - Periodicals
 - Books/Monographs
 - Dissertations
 - CEUs
 - Subject: Major Heading
 - Nausea and Vomiting
 - Acupuncture
 - Postoperative Complications
 - Acupressure
 - Nausea
 - Chemotherapy, Cancer

All Results: 1-10 of 224 Page: 1 2 3 4 5 Next

Sort by: Date Add (1-10)

Results for: (S3 or S2) and (S1) Alert / Save / Share »

- The effects of stimulation of acupressure point P6 on postoperative nausea and vomiting: a review of literature. Nunley C; Wakim J; Guinn C Journal of PeriAnesthesia Nursing, 2008 Aug; 23 (4): 247-61 (Journal article - pictorial, research, systematic review, tables/charts) ISSN: 1089-9472 CINAHL AN: 2009993665
Abstract Only
Add to folder
SFX: Check SFX for full text Check for Full Text
- P6 acupuncture point stimulation for prevention of postoperative nausea and vomiting... Anesthesiology. 2007 Dec;107(6):903-8. Schaechter J; Neustein SM Anesthesiology, 2007 Jul; 109 (1): 155-8 (Journal article - commentary, letter) ISSN: 0003-3022 PMID: 18580190 CINAHL AN: 2009972983
Abstract Only
Add to folder
SFX: Check SFX for full text Check for Full Text
- Is intraoperative stimulation of acupuncture point P6 effective at reducing the incidence of nausea and vomiting?

Limit your results

- Linked Full Text
- References Available

Update Results

Search Options

Mynd nr. 14. Að takmarka leitina enn frekar með Search Options


Hér geturðu einnig takmarkað leitina þína við *research articles* – rannsóknargreinar. Með því að velja *research articles* kemurðu í veg fyrir að t.d. fréttir og ritstjórnargreinar birtist í niðurstöðunum. Einnig er hægt að takmarka leitina við ritrýndar greinar og þá er hakað við möguleikann *peer reviewed*.


Þegar þú hefur valið þær takmarkanir sem við eiga, skaltu smella á **Search** hnappinn og niðurstöðurnar birtast undir *Search History/Alerts* flipanum.

The screenshot shows the 'Search Options' interface. At the top, there are 'Search' and 'Reset' buttons. Below this, the 'Search modes' section has three radio buttons: 'Boolean/Phrase' (selected), 'Find all my search terms', and 'Find any of my search terms'. To the right, there are two checkboxes: 'Apply related words' and 'Also search within the full text of the articles'. The 'Limit your results' section is divided into two columns. The left column includes: 'Linked Full Text' (checkbox), 'Abstract Available' (checkbox), 'Published Date from' (Month and Year dropdowns), 'Peer Reviewed' (checkbox, checked and circled in red), 'Exclude MEDLINE records' (checkbox), 'Clinical Queries' (dropdown menu with options: All, Therapy - High Sensitivity, Therapy - High Specificity, Therapy - Best Balance), 'Number of Pages' (dropdown menu), 'Language' (dropdown menu with options: All, Afrikaans, Chinese, Dutch), 'Pregnancy' (checkbox), 'Outpatients' (checkbox), and 'Special Interest' (dropdown menu with options: All, Advanced Nursing Practice, Case Management, Chiropractic Care). The right column includes: 'References Available' (checkbox), 'Publication Year from' (Year dropdowns), 'Author' (text input), 'Publication' (text input), 'Research Article' (checkbox, checked and circled in red), 'Evidence-Based Practice' (checkbox), 'Journal Subset' (dropdown menu with options: All, Africa, Allied Health, Alternative/Complementary Therapies), 'Publication Type' (dropdown menu with options: All, Abstract, Accreditation, Algorithm), 'Gender' (dropdown menu with options: All, Female, Male), 'Inpatients' (checkbox), and 'Age Groups' (dropdown menu with options: All, Fetus, Conception to Birth, Infant, Newborn 0-1 month, Infant, 1-23 months, circled in red). At the bottom left, there is a 'Search' button circled in red.

Mynd nr. 15. Dæmi um tilvísun í grein í niðurstöðunum


Þú getur smellt á titil greinanna til að fá útdráttinn. Einstaka sinnum er beinn tengill í pdf skjal greinar. Ef ekki og þú vilt athuga hvort greinin er fánleg altexta í gegnum netið, smellirðu á **SFX** hnappinn eða **Check SFX for full text** tengilin (sjá mynd 15).






1. [The effects of stimulation of acupressure point P6 on postoperative nausea and vomiting: a review of literature.](#) 


Nunley C; Wakim J; Guinn C Journal of PeriAnesthesia Nursing, 2008 Aug; 23 (4): 247-61 (journal article - pictorial, *research*, systematic review, tables/charts) ISSN: 1089-9472 CINAHL AN: 2009993665


Abstract Only


 Add to folder


 [Check SFX for full text](#)  [Check for Full Text](#)

Ef greinin er til í heilu lagi í gegnum BSHA, færðu eftirfarandi skilaboð eftir að þú hefur smellt á  hnappinn:



 Háskólinn á Akureyri

 SFX Services for this record

Language English 


Title: The effects of stimulation of acupressure point P6 on postoperative nausea and vomiting: a review of literature.

Source: Journal of perianesthesia nursing [1089-9472] Nunley C yr:2008 vol:23 iss:4 pg:247


Basic

Full Text

Full text available via **Elsevier ScienceDirect Complete**

Year: Volume: Issue: Start Page: 

Holding information

Forði **Gegnir** 

Í þessu tilfalli er greinin aðgengileg í gagnasafninu Elsevier ScienceDirect og þú smellir á **Go** hnappinn í glugganum og kemst inn í greinina altexta.

Ef hún er hins vegar ekki aðgengileg, gætirðu þurft að leita í Gegni, þá smellir þú að Go hnappinn fyrir aftan textann 

Gegnir gefur þér upplýsingar um hvort tímaritið er keypt í prentaðri áskrift á BSHA eða á öðru bókasafni á landinu. Ef tímaritið er ekki í áskrift BSHA er hægt að senda inn beiðni um millisafnalán (greinin er pöntuð frá öðru bókasafni, innlendu eða erlendu). Beiðni um millisafnalán skal fylla út í [Gegni](#). Nánari upplýsingar um millisafnalánþjónustu bókasafnsins er að finna á vef bókasafnsins undir tenglinum *Þjónusta – Millisafnalán* (ath. þjónustan er gegn gjaldi).

Að vista leitarniðurstöður (Save Searches/Alerts)

Þú getur að sjálfsgöðu prentað út útdrátti greina og greinarnar sjálfar eða vistað textann. Þú getur líka valið og vistað tiltekna greinar úr *Results* niðurstöðulistanum með því að smella á *Add to folder* merkið á skjánum.

Add to folder leyfir þér að vista tiltekna tilvísanir til að nota, prenta eða senda í tölvupósti. Með því að smella á *Add to folder*, færast tilvísanirnar sjálfar í möppu í til skamms tíma (temporary folder) sem sjá má með möpputákni efst á síðunni. Tilvísanirnar eru þó aðeins í möppunni meðan þú ert að ljúka leitartörninni (sjá myndir 15 og 16). Við komum síðar að því hvernig þú getur vistað tilvísanir til lengri tíma.

Mynd nr. 16. Folder has item

The screenshot shows a search results page with two articles. The first article is titled "The effects of stimulation of acupressure point P6 on postoperative nausea and vomiting: a review of literature." and the second is "P6 acupuncture point stimulation for prevention of postoperative nausea and vomiting...". Both articles have a "Folder" icon and a "Folder has items" message next to them. The "Folder has items" message is circled in red, along with the "Add to folder" and "Remove from folder" buttons.

Þegar þú bætir tilvísunum í möppuna getur þú skoðað tilvísanirnar undir fyrirsögninni *Folder has items* hægra megin á síðunni við hlið niðurstöðulistans (sjá mynd 16). Einnig getur þú smellt á möpputáknið **Folder** til að skoða það sem er í möppunni eða á tengilinn *Folder View* hægra megin við niðurstöðulistann. Hér geturðu valið *Print*, *E-mail* og *Save*. Um leið og þú velur einhvern þeirra valkosta, geturðu ákveðið hvaða format þú hefur á tilvísununum, t.d. *APA* eða *Vancouver style* með því að nota felligluggann undir *Citation Format* (sjá mynd 17).

Mynd nr. 17. Folder View / Citation Format

The screenshot shows the "Save Manager" interface. The "Citation Format" dropdown menu is open, showing "APA (American Psychological Assoc.)" selected. The "Citation Format" option is circled in red.

Að færa niðurstöður í heimildaskráningarforrit

Ef þú vilt vista tilvísanirnar í heimildaskráningarforriti eins og *RefWorks* eða *Endnote*, velurðu *Export*.

- Fyrir *RefWorks* velurðu *Direct Export to RefWorks*
- Ef tölvann sem þú ert að vinna á geymir ekki neitt heimildarskráningarforrit en þú vilt gjarnan vista tilvísunina og flytja hana inn í slíkt forrit síðar, geturðu valið:
 - *Generic bibliographic management software*


Þetta leyfir þér að vista eða senda tilvísanirnar í textaskjali til að flytja þær inn (import) í heimildarskráningarforrit síðar.

Að skrá sig sem notanda hjá EBSCOHost.

Þú getur vistað leitirnar þínar og/eða tilvísanir til lengri tíma með því að smella á “*Sign In to My EBSCOhost*” tengilinn á aðalskjánum (sjá mynd 18). Í fyrsta sinn sem þú notar það þarftu að velja “*I’m a new user*” tengilinn og setja upp aðgang (frítt). Eftir að því er lokið, geturðu hvenær sem er nálgast vistaðar leitir eða tilvísanir með því að fara í CINAHL og setja inn EBSCO *username* og *password*.

Til þess að vista leit til lengri tíma þarftu að skrá þig inn í EBSCOHost. Smelltu svo á *Search History/Alerts* og smelltu á *Retrieve Searches* tengilinn til að sjá leitirnar sem sitja þar tímabundið. Nú geturðu vistað leit og/eða tilvísanir eða ákveðið að vista leitina sem *Alert* (sjá mynd 18).

Mynd nr. 18. Skráðu þig inn sem notanda



The screenshot shows the EBSCOhost search interface. At the top, there is a navigation bar with options like 'Keyword', 'Publications', 'CINAHL Headings', 'Cited References', and 'More'. A 'Sign In to My EBSCOhost' button is visible in the top right. Below the navigation bar, there is a search input area with a search box containing '(S3 or S2) and (S1)' and several dropdown menus for selecting fields. A 'Search' button is next to the search box. Below the search area, there are links for 'Advanced Search', 'Visual Search', 'Search History/Alerts', and 'Preferences'. The 'Search History/Alerts' section is highlighted in green and contains links for 'Print Search History', 'Retrieve Searches', 'Retrieve Alerts', 'Save Searches / Alerts', and 'Clear Search History'. The 'Retrieve Searches' and 'Save Searches / Alerts' links are circled in red. A text box with an arrow pointing to the 'Sign In to My EBSCOhost' button contains the text: 'Smelltu á tengilinn til að logga þig inn eða skrá í fyrsta sinn.' Below the 'Search History/Alerts' section, there is a table with search results. The table has columns for 'Add to Search', 'Search ID#', 'Search Terms', 'Search Options', 'Actions', and 'Delete'. The table contains four rows of search results, each with a checkbox, a search ID, search terms, search options, and actions like 'View Results', 'Revise Search', and 'View Details'.

Add to Search	Search ID#	Search Terms	Search Options	Actions	Delete
<input type="checkbox"/>	S5	(S3 or S2) and (S1)	Limiters - Peer Reviewed; Research Article Search modes - Boolean/Phrase	View Results (95) Revise Search View Details	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	S4	(S3 or S2) and (S1)	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (224) Revise Search View Details	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	S3	(MH "Life Style Changes")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (2183) Revise Search View Details	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	S2	(MM "Alternative Therapies+")	Search modes - Boolean/Phrase	View Results (41331) Revise Search	<input type="checkbox"/>

Ef þú velur að vista leit sem *Alert* (sjá mynd 19), þá ertu spurð/ur hversu oft þú vilt fá *Alert* og þarft að gefa upp a.m.k. eitt netfang því *Alert* er sent á netfangið þitt. Í hvert sinn sem nýrri grein um þitt efni er bætt inn í CINAHL, færðu senda tilvísunina í viðkomandi grein. Einfalt og afar þægilegt.

Mynd nr. 19. Að vista leitir og búa til alert

Create or Edit Search Alerts	
Name of Search/Alert	<input type="text"/>
Description	<input type="text"/>
Date Created	9/26/2008
Databases	Academic Search Premier Business Source Premier Regional Business News MasterFILE Premier
Search Strategy	(S3 or S2) and (S1)
Interface	EBSCOhost
Save Search As	<input type="radio"/> Saved Search (Permanent) <input type="radio"/> Saved Search (Temporary, 24 hours) <input checked="" type="radio"/> Alert

Til þess að vista tilvísanir, þarftu líka að logga þig inn í EBSCOHost. Eftir að þú ert komin/nn inn, þá vistast sjálfkrafa þær tilvísanir sem þú varst búin/nn að velja með *ADD* í möppu (*Folder*) og sitja einfaldlega áfram í möppunni (*Folder has items*). Þú getur líka valið tilvísanir með *ADD* meðan þú ert innskráð/ur og þær vistast sjálfkrafa í möppunni og sitja þar þangað til þú ákveður að eyða þeim (*Delete*).

Pre-CINAHL

Þú hefur einnig aðgang að gagnasafninu Pre-CINAHL í gegnum BSHA, en þar finnurðu nýjustu greinar sem eiga að fara í CINAHL en hafa ekki enn verið lesnar yfir af sérfræðingum með tilliti til efnisorða. Að öðru leyti er leitin mjög svipuð.

Enginn verður óbarinn biskup

Það tekur svolítinn tíma að öðlast færni í gagnasafni eins og CINAHL en þegar færnin er komin má líta á CINAHL sem ómetanlegt verkfæri til stuðnings bæði í námi og starfi.

BSHA kaupir aðgang að CINAHL í gegnum EBSCO Host og takmarkast notkunin við staðarnet háskólans. Þurfa því fjarnemar eða þeir sem vilja leita í gagnasafninu utan í frá, að tengja sig inn á svokallaðan VPN (Virtual Private Network) aðgang. Starfsmenn og nemendur HA geta sótt um aðgang að VPN á sérstöku eyðublaði í Vef-Stefaníu. Leiðbeiningar um uppsetningu á VPN er að finna undir tenglinum Tölvumál á Vef-Stefaníu.

Þessi grein er þýdd og staðfærð upp úr eftirfarandi grein eftir Janna C. Lawrence, bókasafnsfræðing við Briscoe Library, University of Texas Health Science Center, USA: Techniques for searching the CINAHL database using the EBSCO interface. AORN J. 2007 Apr;85(4):779-80, 782-88, 790-1.